

Reykjalundur endurhæfing ehf.

50. fundur stjórnar 14. maí 2024 kl. 8:15-9:45 í Grímansfelli.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Aldís Stefánsdóttir, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri.

Gestir: Ólöf Árnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar (3.lið), Sigríður Katrín Kristinsdóttir, fjármálastjóri (4.lið)

Fundarritari: Arna Harðardóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð, nr. 49, samþykkt og undirritað.
2. Forstóri fer yfir stöðu húsnæðismála á Reykjalundi. Málið er í vinnslu í húsnæðisnefnd á vegum HRN. Verið að skoða uppsetningu gámaskrifstofa eða - hótels. Fundur í maí með HRN þar tillögur verða kynntar. Umræður um framtíðarhúsnæði Reykjalundar.

Bókun:

Tillaga frá stjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. til stjórnar SÍBS.

Stjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. beinir þeim tilmælum til stjórnar SÍBS að stofnaður verði sem fyrst starfshópur þriggja til fjögurra einstaklinga um framkvæmdir á húsnæði Reykjalundar. Verkefni hópsins væri að koma með tillögur og hafa yfirumsjón með undirbúningi hönnunarferlis og skipulagi endurbóta á núverandi húsnæði Reykjalundar. Í því felst meðal annars að meta hvað af núverandi húsnæði borgi sig endurnýja, hvað eigi að taka úr notkun og hvaða nýbyggingar séu nauðsynlegar fyrir starfsemi Reykjalundar til nánustu framtíðar. Búast má við að hópurinn þurfi að hittast mjög reglulega.

Nauðsynlegt er að setja starfshópnum erindisbréf þar sem fram koma tímamörk og verkefnið er skilgreint. Vinna hópsins þyrfti að hefjast sem allra fyrst enda mikið í húfi og að mörgu að huga, meðal annars geta þarfagreiningar verið tímafrekar. Lýsir stjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. sig reiðubúna að útbúa erindisbréfið sé þess óskað.

Tillaga okkar er að í hópnum verði einn fulltrúi stjórnar SÍBS, einn fulltrúi stjórnar Reykjalundar endurhæfingar ehf. og einstaklingur sem hefur þekkingu á verkefnastýringu hönnunar og framkvæmda og yrði það launað starfs enda yrði sá aðili starfsmaður að hluta. Forstjóri Reykjalundar sæti fundi hópsins til aðstoðar og ráðgjafar.

3. Ólöf Árnadóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar fer yfir starfsemistölur og breytt verklag í skráningu og vinnu við biðlista. Stjórn lýsir ánægju með þessa vinnu.
4. Sigríður Katrín fjármálastjóri kynnir 3 mánaða uppgjör. Eins og staðan er núna er halli í rekstri. Umræður um endurmat á eignum Reykjalundar ehf.
5. Starfsmannamál rædd.
6. Fundur með heilbrigðisráðherra 22. maí sem stjórn SÍBS óskaði eftir. Stjórn Reykjalundar mun óska eftir að hafa fulltrúa á fundinum.

7. Aðalfundur Reykjalundar endurhæfingar ehf. 4. Júní, kl 15-16.

- Dagskrá samkvæmt samþykktum
- Allir velkomnir. Verður auglýst á vef Reykjalundar
- Ákveðið að biðja Regínu Ásvaldsdóttur, bæjarstjóra Mosfellsbæjar um að vera fundarstjóri.
- Sigurður H. Helgason, forstjóri SÍ og Martha Guðjónsdóttir, rannsóknarstjóri Reykjalundar verða með erindi

Fundi slitið kl 9:50

Næsti fundur stjórnar: 4.júní, kl 14 – 15. Aðalfundur kl 15-16

Audur Þóra Ólafsdóttir
Lunna Þóra Ólafsdóttir
Aldis Þóra Ólafsdóttir
Roma Þóra Ólafsdóttir